

Ed.

88. Frumvarp til laga

[58. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. nóv.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Skuldabréfin og spariskírteinin, svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 70 1962.

4. gr.

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskírteina skv. 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt í samráði við fjárveitinganefnd að verja til framkvæmda á vegum ríkisins og til greiðslu á skuldum ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóðs.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því, sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.